

Kveðja frá TAÍLANDI!

Lærið um börn himnesks
föður víða um heim.



SONGKRAN-HÁTÍÐIN

Taíland er land
í Suðaustur-Asíu. Þar
búa um 72 milljón manns.

Fólkið í Taílandi fagnar nýju ári með
heimsins stærsta vatnsslag. Það
skvettir vatni hvert á annað til að
minnast þess að þvo allt hið slæma
í burtu. Þetta varir í þrjá daga!



FLJÓTANDI MARKAÐIR

Í Taílandi getur fólk verslað í bátum á ánni,
eins og litlar, fljótandi verslanir. Árnar eru
einn af ferðamátunum um höfuðborgina.
Margar byggingar eru á staurum til að
halda þeim yfir vatnsyfirborðinu.



Tígrishellismusterið er
búddamusteri þar sem margt
fólk tilbiður og biðst fyrir.
Til að komast að því, þarf
maður að klifra 1.260 þrep
upp á fjall. Í hellinum eru
spor eftir tígrisdýr!

TÍGRISHELLIRINN



TUNGUMÁL

Taílenska er opinbert
tungumál í landinu. Taílenska
stafrófið hefur 72 bókstafi.

Á taílensku er
hægt að bjóða vini
velkomna með
því að segja „kin
khao reu yang.“

Það þýðir:
„Hefur þú
fengið þér að
borða ennþá?“

Við þökkum fjölskyldu Panya fyrir að deila þessari
uppskrift!



LEIKUR

Slanga bítur í halann

Veljið einhvern til að vera slanga 1 og annan til að vera
slanga 2. Allir hinir standa bak við slöngu 1 og halda í þá
sem standa framan við sig. Slanga 2 reynir að komast
fram hjá slöngu 1 og fá þann sem er síðastur í röðinni
til að sleppa takinu. Allir sem sleppa eru úr leik!



UPPSKRIFT

Som Tam

Grænt papaya-salat er algeng uppskrift í Taílandi. Hér er
uppskrift sem þið getið prófað!

1. Blandið í stóra skál **1 ½ matskeið af pálmasykri (eða púðursykri), 1 ½ matskeið fiskisósu (eða sojasósu), og 2 matskeiðum af límónusafa.** Hrærið þangað til sykurinn er uppleystur.
2. Brjótið niður **2 hvítlauksgeira og 1 eða fleiri rauðan chillipipar.** Saxið **3 grænar baunir.** Skerið **1 tómat** í báta.
3. Takið hýðið af **1 grænu papaya (eða 3 grænum eplum).** Rífið eða skerið í þunnar sneiðar.
4. Setjið allt í skálina og blandið.